

Efni: Móttaka flóttafólks í Garðabæ og samningur um samræmda móttöku flóttafólks

Flóttafólk sem fjölskyldusviði er kunnugt um að hafi lögheimili í sveitarfélaginu í dag eru 120 talsins. Málaflokkurinn hefur vaxið umtalsvert frá því í apríl 2022 og mikill þungi verið í umfangi þjónustunnar og samskiptum við einstaklingana. Skýrist það af auknum fjölda flóttafólks frá Úkraínu sem hingað hafa komið vegna stríðsástandsins í landinu. Í dag búa 93 flóttamenn í Garðabæ sem hlutu alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum árið 2022, þ.e. fimmtíu og tveir fullorðnir og fjörutíu og eitt barn. Af þeim hóp eru tuttugu og einn fullorðinn með vinnu en aðrir á fjárhagsaðstoð eða alls tuttugu og átta.

Eitt af markmiðum Garðabæjar er að veita flóttafólki stuðning, valdefla það, fræða, hvetja til virkni og atvinnuþátttöku. Geta til að veita umframbjónustu og stuðning við flóttafólk felur í sér farsælli aðlögun sem er til þess fallin að fyrirbyggja félagsleg vandamál til framtíðar. Verkefnastjóri í málefnum flóttafólks sinnir í dag umfangsmikilli þjónustu og ráðgjöf við allt það flóttafólk sem flutt hefur í bæinn síðastliðið ár. Vegna umfangs og ríkra þjónustuparfa hópsins getur það reynst erfitt og krefjandi að veita hinum sístækkandi hópi flóttafólks lögbundna grunnþjónustu, nauðsynlega umframbjónustu svo og sinna öðrum verkefnum innan málaflokksins. Huga þarf að því að styrkja mönnun á fjölskyldusviði til framtíðar til að mæta auknum þjónustupörfum flóttafólks í Garðabæ. Mikilvægt er flóttafólk sem búsett er í Garðabæ fá notið viðunandi félagsþjónustu.

Undirritun samnings um samræmda móttöku felur í sér að sveitarfélagið (þ.e. móttökusveitarfélag) fær inn fjármagn frá ríkinu til þess að veita flóttafólki viðeigandi stuðning og félagslega þjónustu, sem þegar er verið að veita án fjárstuðnings frá ríkinu.¹ Samkvæmt kröfulýsingu samningsins kemur þjónustan til viðbótar rétti flóttafólks til félagsþjónustu samkvæmt gildandi lögum. Markmið samningsins er að samræma móttöku flóttafólks þannig að ríki og félagsþjónusta sveitarfélaga tryggi flóttafólki samfellda og jafna þjónustu óháð því hvaðan það kemur og hvar það býr.

Ávinningur undirritunar samnings um samræmda móttöku flóttafólks felst fyrst og fremst í að kostnaður við fyrrnefnda umframbjónustu er greiddur af ríkissjóði samkvæmt tiltekinni reiknireglu. Móttökusveitarfélagið getur því styrkt starfsemi á þessu sviði og veitt einstaklingunum nauðsynlega þjónustu. Móttökusveitarfélög fá sérstakan húsnæðisstuðning endurgreiddan af ríkissjóði á „fyrsta ári“ flóttafólks en sá hópur er að mestu á leigumarkaði og fær sérstakan húsnæðisstuðning frá Garðabæ. Ríkið veitir móttökusveitarfélögum fjármagn til þróunarverkefna og tryggir starfsfólki sveitarfélaga aðgengi að fræðslu og ráðgjöf. Með þátttöku í samræmdri móttöku eru gæði þjónustunnar tryggð þar sem sveitarfélög eiga að uppfylla tiltekin skilyrði sem eykur líkur á að aðlögun flóttafólksins verði farsælli og að flóttafólk þurfi þ.a.l. að nýta sér félagsþjónustu sveitarfélagsins í skemmri tíma en ella.

Undirritun samningsins felur einnig í sér áskoranir fyrir sveitarfélög. Tregða hefur verið á meðal sveitarfélaga til þátttöku í samræmdri móttöku m.a. vegna íþyngjandi kröfu um að móttökusveitarfélög útvegi flóttafólki húsnæði. Kröfulýsingu með samningnum var því breytt í lok nóvember sl. og skulu sveitarfélög sem undirrita samninginn tryggja, eins og kostur er, að flóttafólki standi til boða húsnæði til leigu að jafnaði innan átta vikna frá því að einstaklingur þiggur boð sveitarfélagsins um móttöku.²

¹ Minnisblöð verkefnastjóra dags. 20.05.2022, 12.08.2022, 16.09.2022 lögð fram til kynningar í fjölskylduráði og bæjarráði. Minnisblað verkefnastjóra dags. 20.10.2022 og fylgiskjöl lögð fram á fundi með bæjarstjóra.

² Í kjölfar undirritunar samninga við sveitarfélög hefur kröfulýsing með samningnum verið uppfærð. Vegna erfiðrar stöðu á leigumarkaði hefur verið fallið frá afdráttarlausri skyldu sveitarfélaga til að útvega flóttafólki húsnæði.

Hafi sveitarfélagið reynt til þrautar að finna húsnæði mun Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið stíga inn og leita að húsnæði með aðstoð Framkvæmdasýslu ríkisins. Samkvæmt fulltrúum ráðuneytisins er um útfærsluatriði að ræða sem ekki er að finna í kröfulýsingu með samningnum. Móttökusveitarfélag skal að auki undirbúa íbúðirnar og útvega innbú samkvæmt lista frá ráðuneytinu. Slík vinna getur verið umfangsmikil og krefst skipulagningar og aðkomu starfsmanna þjónustumiðstöðvar Garðabæjar. Forsenda fyrir greiðslum frá ráðuneytinu er gerð einstaklingsáætlaða auk þess sem móttökusveitarfélag skal standa skil á ársskýrslu. Skráningarnar eru umfangsmiklar og geta verið tímafrekar. Gagnrýnivert er að móttökusveitarfélög fái ekki greitt sérstaklega fyrir móttöku fatlaðs flóttafólks eða eldri borgara en þjónusta við þá hópa er alla jafna umfangsmeiri og kostnaðarsamari. Jafnframt er gagnrýnivert að samningurinn feli ekki í sér aukinn fjárhagslegan stuðning við skóla og barnaverndarþjónustu sveitarfélaga en fyrir liggur að móttaka flóttabarna eykur álag og kostnað á þá þjónustu.

Fjárhagslegur stuðningur til skólþjónustu sveitarfélaga vegna flóttabarna stendur utan samnings um samræmda móttöku. Þann 27. október sl. tilkynnti barna- og menntamálaráðuneytið að styrkir verði veittir til sveitarfélaga þar sem flóttabörn eru búsett. Verkefnastjóri sótti um styrk til ráðuneytisins vegna barna sem uppfylltu tiltekin skilyrði, en styrkurinn nemur 125.000 kr. vegna hvers barns á aldrinum 0–6 ára og 200.000 kr. vegna hvers barns á aldrinum 6–18 ára. Styrknum er ætlað að styðja við verkefni sem snúa að stuðningi innan skóla og frístundastarfs, stuðningi við barnavernd og önnur úrræði fyrir fjölskyldur á flótta og styður við innleiðingu verkefna tengiliða og málstjóra á grundvelli laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021. Skýtur það skökku við að stuðningur og þjónusta við flóttabörn innan skólakerfisins skuli vera jafn vanfjármögnuð og raun ber vitni og ekki í takti við markmið hinna nýlögfestu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Samkvæmt samningnum um samræmda móttöku skal sveitarfélag samþykkja að veita að lágmarki og að hámarki tilteknum fjölda flóttafólks þjónustu á grundvelli samningsins á samningstíma. Jafnframt skal sveitarfélag samþykkja að veita að hámarki tilteknum fjölda flóttafólks þjónustu á fyrsta ári í samræmdri móttöku. Í ljósi þess fjölda flóttafólks sem nú er búsett í Garðabæ og er á „fyrsta ári“ væri virðisaukandi fyrir Garðabæ að skrifa undir samninginn og fá samhliða inn fjármagn frá ríkinu til að mæta umfangsmiklum þjónustupörfum og efla ráðgjöf.

Undirritun samnings um samræmda móttöku felur ekki í sér að aukinn fjöldi flóttafólks komi til með að setjast að í sveitarfélaginu, heldur stjórnast flutningar flóttafólks til Garðabæjar alfarið af framboði leiguhúsnæðis í bænum. Mikil uppbygging húsnæðis hefur átt sér stað að undanfögnu og frekari uppbygging er framundan í Urriðaholti, Ásahverfi, Hnoðraholti, Vetrarmýri og Álftanesi. Því má gera ráð fyrir auknu framboði á leiguhúsnæði og fjölbreyttari íbúasamsetningu í Garðabæ. Huga þarf að framtíðarsýn málaflokksins innan Garðabæjar og fyrirbyggja að félagslegur vandi skapist inn í framtíðina með tilheyrandi kostnaði fyrir sveitarfélagið.

Virðingarfyllt,

Guðrún Jónsdóttir
verkefnastjóri í málefnum flóttafólks

Svanhildur Þengilsdóttir
sviðsstjóri fjölskyldusviðs